



# HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Mat á árangri 2014 - 2019

Óskar Reykdalsson  
31. janúar 2020

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins – Mat á árangri 2014-2019.....	2
Heilsugæslustöðvar .....	2
Mat á árangri – Aukið aðgengi .....	2
Mat á árangri – Aukin sálfræðiþjónusta.....	3
Mat á árangri – Aukin rafræn þjónusta.....	3
Mat á árangri – Heilsuefling og hreyfing .....	4
Mat á árangri – Ný verkefni.....	4
Geðheilsuteymi .....	4
Heilsugæsla á Hólmsheiði.....	5
Heimahjúkrun í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi.....	6
Þroska og hegðunarstöð ÞHS .....	7
Göngudeild sóttvarna.....	7
Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu .....	8
Samantekt .....	11

# Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins – Mat á árangri 2014-2019

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) starfa um 600 manns í um 500 stöðugildum. Hlutverkið er að:

- Vera fyrsti viðkomustaður fólks sem þarf á heilbrigðisþjónustu að halda.
- Veita samfellda og þverfaglega heilbrigðisþjónustu, heilsuvernd og heilsueflingu.
- Vera vettvangur kennslu, vísinda og þróunar í heilsugæslu.

## Helstu starfseiningar eru eftirfarandi:

- 15 Heilsugæslustöðvar
- Heilsugæsla á Hólmsheiði
- 3 Geðheilsuteymi
- Geðheilsuteymi fangelsa á landsvísu
- Þroska og hegðunarmiðstöð
- Göngudeild sóttvarna
- Heimahjúkrun í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi
- Færni og heilsumatsnefnd
- Héraðsvakt
- Sóttvarnarumdæmi höfuðborgarsvæðisins
- Skrifstofa, stoðþjónusta
- Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

## Heilsugæslustöðvar


Við mat á árangri er horft til aðgengis að þjónustu, þverfaglegri þjónustu með tilkomu sálfræðiþjónustu og þjónustu sjúkráþjálfara. Einnig horft til nýrra verkefna og samstarfs við LSH.

### Mat á árangri – Aukið aðgengi


Unnið hefur verið markvisst að því að bæta aðgengi að heilsugæslunni.

- Opin móttaka er á öllum heilsugæslustöðvum þar sem hjúkrunarfræðingar taka á móti erindum samdægurs og koma í viðeigandi farveg. Læknir er tiltækur ef á þarf að halda.
- Fjölgun á tímaúrvali hjá læknum, boðið upp á styttri samdægurstíma.

### Opin móttaka, hjúkrun (viðtöl/símtöl):




### Lækningar (viðtöl, símtöl, Heilsuvera):





### Mat á árangri – Aukin sálfræðiþjónusta

Á grundvelli aðgerðaáætlunar heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðismál hefur sálfræðiþjónusta aukist síðustu ár. Nú eru starfandi sálfræðingar á öllum heilsugæslustöðvum HH.




### Mat á árangri – Aukin rafræn þjónusta

Mikil aukning er í rafrænum samskiptum við notendur þjónustunnar í gegnum Mínar síður á Heilsuveru. Heimsóknur á þekkingarvef Heilsuveru hefur einnig fjölgað mikið og vefurinn orðinn þekktur meðal almennings.



## Mat á árangri – Heilsuefling og hreyfing

Markvisst hefur verið unnið að því að auka þverfaglega þjónustu innan heilsugæslustöðva og nú eru starfandi sjúkráþjálfarar á öllum heilsugæslustöðvunum. Einstaklingar sem fá ráðgjöf um hreyfingu og eftirfylgd hefur fjölgað síðustu ár.



## Mat á árangri – Ný verkefni

Gott samstarf er á milli Landspítala og heilsugæslunnar sem tryggir að veitt sé rétt þjónusta á réttum stað til hagsbóta fyrir skjólstaðinga heilbrigðiskerfisins. Starfsfólk heilsugæslunnar hefur unnið markvisst að margvíslegum verkefnum til bættrar þjónustu við notendur og mun halda áfram á þeirri braut.

Dæmi um aukin verkefni og samstarf með LSH:

- Bráðamóttakan – aukið aðgengi að heilsugæslustöðvum fækkaði komum á Bráðamóttöku um 15%. Við það skapaðist svigrúm til að flytja Hjartagáttina í Fossvoginn.
- Bæklunarlækningar – undirbúningur undir aðgerðir
- Öldrunarþjónusta – samstarf með Landakoti
- Svefnrannsóknir – þátttaka heilsugæslunnar í skimun
- Brjóstakrabbamein – þátttaka heilsugæslunnar í eftirfylgd

---

## Geðheilsuteymi

Hlutverk geðheilsuteyma er margvíslegt. Fyrst og fremst snýst þjónustan um að veita meðferð og stuðning þeim sem hafa þörf fyrir sérhæfða geðþjónustu og tryggja góða samvinnu á milli þeirra stofnana og geðúrræða sem gætu nýst notendum.

Þjónustan byggir á einstaklingsviðtölum, heimavitjunum og námskeiðum.

Teymin bjóða upp á námskeið:

- HAM námskeið við þunglyndi og kvíða
- HAM við lágu sjálfsmati
- Námskeið í grunnþáttum heilbrigðis
- Batanámskeið, sem byggir á Batahugmyndafræðinni
- Heilsunámskeið þar sem áhersla er á hreyfingu og hollt mataræði
- Almenn fræðsla um geðraskanir og mismunandi meðferðir fyrir notendur og aðstandendur

- Aðstandendafræðsla
- Vikuleg símaráðgjöf geðlækna teymanna til heimilislækna og sálfræðinga í heilsugæslu


Gagnsemi geðheilsuteyma mælist í:

- Ánægju þeirra sem fá þjónustu í sínu nærumhverfi sem snýr að því að valdefla einstaklinginn og styðja til sjálfbærni. Árangur mældur með þjónustukönnunum.
- Batnandi geðheilsu, byggist á mælingum með viðurkenndum mælitækjum. Þar er notast við viðurkennda matslista fyrir þjónustupörf, þunglyndi, kvíða, lífsgæðakvarða, áfallaskimun o.fl.
- Meiri samfella í þjónustu fyrir notendur vegna samþættrar þjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Reykjavíkurborgar.
- Færri innlagnir á sjúkrahús
- Færri komur á sjúkrahús, bráðamóttökur
- Styttri legutími á sjúkrahúsum
- Færri komur á heilsugæslu

Geðheilsuteymi austur (GHA) tók til starfa 2012, fékk fulla fjárveitingu á síðasta ári til að mæta þjónustupörfinni á þeirra upptökusvæði. Það hefur því verið fullmannað frá september 2019. Fjöldi í þjónustu í lok árs 2019 voru 118. Á því ári bárust teyminu 123 tilvísanir og teymið sinnti 184 einstaklingum. Það sem af er árinu hafa borist 29 tilvísanir.


Geðheilsuteymi vestur (GHV) tók til starfa í september 2018 og hefur farið jafnt og þétt stækkandi, verður fullmannað á vormánuðum 2020. Fjöldi í þjónustu GHV 29. janúar 2020 voru 116 einstaklingar. Áætlað er að GHA og GHV geti hvort um sig sinnt allt að 200 einstaklingum á hverju ári.

Geðheilsuteymi suður tók til starfa 2. janúar 2020. Teymið byrjaði að taka við tilvísunum 13. janúar og hafa teyminu borist 15 tilvísanir.



## Heilsugæsla á Hólmsheiði

Í mars 2019 tók HH að sér heilsugæsluþjónustu á Hólmsheiði með samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Á þessum 10 mánuðum voru 1000 samskipti sem gera um 20-30 samskipti á hvert fangapláss.



## Heimahjúkrun í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi

Árið 2018 fékk heimahjúkrun 160 milljóna aukafjárveitingu. Áætlað var að sú fjárhæð færi í að koma á fót heilsuvernd aldraðra á suðursvæðinu, setja á stofn endurhæfingarteymi og auka stafræna tækni í þjónustu heimahjúkrunar.

Heilsuvernd aldraðra er nú starfrækt á 5 heilsugæslustöðvum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Hjúkrunarfræðingar sinna þessu verkefni. Meginmarkmið þjónustunnar er að:

- Auðvelda aðgengi að heilbrigðisþjónustu.
- Styðja eldra fólk til að efla og viðhalda andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði.
- Finna úrræði sem stuðla að því að fólk geti búið heima sem lengst.

Hjúkrunarfræðingar sem sinna heilsuvernd aldraðra hafa verið megin tengiliðir heimahjúkrunar við heimilislækna og hefur það samstarf komið mjög vel út. Þeir, ásamt heimilislæknum, hafa einnig getað nýtt sér þjónustu iðjupjálfa varðandi heimilisúttektir hjá einstaklingum sem eru að byrja að missa færni. Iðjupjálfar eru staðsettir hjá heimahjúkrun, en stöðugildum iðjupjálfa var fjölgað úr einu í tvö, haustið 2018 til að geta sinnt heilsugæslunum betur.

Endurhæfingarteymið hóf formlega starfsemi sína 1. september 2018. Það er fjölfaglegt teymi með áherslu á að veita hjálp til sjálfshjálpar en þannig eykst færni einstaklings samhliða því að bjargráðum hans fjölgar. Styrkleikar skjólstæðings eru greindir, sem og hvað reynist þeim erfitt við dagleg verk. Teymið aðstoðar við að finna leiðir til að yfirstíga þessa erfiðleika og þjálfa upp færni til að takast á við daglegt líf. Markmið teymisins er:

- Að viðkomandi verði sjálfbjarga.
- Að viðkomandi þurfi minni aðstoð en hann þurfti í byrjun.
- Viðkomandi geti nýtt sér fleiri úrræði í samfélaginu.
- Seinka þjónustubörf fyrir heimahjúkrun.

Fyrstu 4 mánuðina sinnti teymið 77 einstaklingum og útskrifaði 46. Árið 2019 sinnti það 220 einstaklingum og útskrifaði 227. Frá upphafi hefur teymið útskrifað um 66% skjólstæðinga sjálfbjarga, um 20% í heimahjúkrun og 8% í minni þjónustu, þ.e. félagsleg úrræði. Allar beiðnir til endurhæfingarteymisins koma í gegnum heimahjúkrun ýmist beint frá heilsugæslustöðvunum eða öðrum heilbrigðisstofnunum. Reynsla síðasta árs er sú að endurhæfingarteymið er að taka stóran hluta nýrra skjólstæðinga sem annars hefðu farið í heimahjúkrun. Þetta eru skjólstæðingar á öllum aldri, en hafa möguleika á að auka færni sína og sjálfstæði. Í framhaldi hafa færri en jafnframt veikari og eldri skjólstæðingar komið í heimahjúkrun. Þessi skjólstæðingahópur kallar eftir sérhæfðari og fjölþættari verkefnum því eldri skjólstæðingar verða sífellt veikari heima fyrir. Með hjúkrunarþyngri skjólstæðingahóp eykst ekki einungis krafa um viðveru starfsfólks heimahjúkrunar heldur eykst einnig umsýsla með hverjum og einum skjólstæðingi m.a. vegna samráðs við aðra fagaðila.

Frá árinu 2017 hefur verið unnið að þróun nýs viðmóts í Sögu fyrir heimahjúkrun þar sem áherslan er á stafrænar lausnir. Markmiðið var annars vegar að einfalda utanumhald og skipulag hjúkrunarþjónustu fyrir teymisstjóra, og hins vegar að einfalda skráningu starfsmanna sem sinna vitjunum. Þessi þróun hefur tekið tíma en er á þessari stundu að fara í loftið. Öll teymin verða farin að vinna eftir þessu nýja viðmóti núna fyrstu vikuna í febrúar og í framhaldi fá starfsmenn síma með appi þar sem þeir skrá sínar vitjanir í rauntíma. Hjúkrunarfræðingar fá tölvu til að geta komist í Sögu og heilsugátt hvar sem þörf er á og mun tölvan einnig geta nýst á annan hátt s.s. í videospjall við lækni. Þessi tækni gefur nýja möguleika í samskiptum sem og mjög aukið öryggi fyrir skjólstæðinga.

## Þroska og hegðunarstöð ÞHS

Viðbótarfjármögnunin til ÞHS kom fyrst inn árið 2016 og hefur nokkurn veginn haldið sér síðan (en þó bara ákveðin til 6 mánaða í hvert sinn árin 2017 og 2018 sem olli óvissu og hafði neikvæð áhrif). Árið 2016 hafði starfsemin þó líka annað viðbótarfjármagn (gjafafé) sem fjármagnaði um 1½ stöðu sálfræðings það ár. Starfsmenn hafa því verið færri árin 2017-2019 en var 2016.

Á árinu 2016 var lögð mikil áhersla á að minnka eins og mögulegt var á biðlista og var stærsti hópurinn sem fékk þjónustu börn með ADHD án mikilla fylgiraskana.


Næstu árin á eftir fjölgaði mjög tilvísunum þar sem vandi barna var mun alvarlegri, flóknari og fjölþættari og þar á meðal voru börn sem auk annars vanda höfðu hamlandi einhverfueinkenni. Því var nauðsynlegt að byggja upp öflugri þjónustu fyrir þennan hóp og stofna öflugt teymi sérhæft í greiningu og meðferð vegna einhverfu. Greining einhverfu er töluvert tíma- og mannaflafrekari en flestar aðrar raskanir auk þess sem oft þarf líka að greina meðraskanir eða útiloka þær. Fyrir utan greiningarferli einhverfu reyndist einnig nauðsynlegt að efla eftirfylgdar- og meðferðarþjónustu á því sviði. Í heildina er skjólstæðingahópur ÞHS mun þyngri nú en hann var áður en viðbótarfjármagn kom til 2016. Núverandi fjármögnum dugir ekki til að sinna árlegum fjölda tilvísana innan sómasamlegra tímamarka og fjöldi á biðlista er allt of hár.

Í stuttu máli má segja að á síðustu árum hefur greiningar-, meðferðar- og eftirfylgdarþjónusta ÞHS vegna barna að 18 ára aldri með einhverfu og aðrar alvarlegar, flóknar og samsettar raskanir verið aukin og bætt af faglegum gæðum, en á sama tíma hefur ásókn í þjónustu vegna flókinna vandamála aukist og fjármagn er ónógt miðað við þennan skjólstæðingahóp sem kemur af öllu landinu.



## Göngudeild sóttvarna

Megin starfsemi Göngudeildar sóttvarna eru berklavarnir, ferðamannaheilsuvernd og heilbrigðis-skoðun innflytjenda frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Auk þess að sinna heilsufars-skoðunum hælisleitenda. Mikil aukning hefur verið á þessari starfsemi.





## Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu

Frá stofnun Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu í september 2018, hafa starfsmenn miðstöðvarinnar komið að fjölmörgum verkefnum og fundað með ýmsum aðilum varðandi fjölmörg þjónustuverkefni. Lögð hefur verið áhersla á að öll þjónusta sem miðstöðin veitir sé aðgengileg öllum heilsugæslustöðvum á landinu. Þannig að ef ÞÍH veitir einhverri heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu ákveðna þjónustu þá sé sú þjónusta einnig í boði fyrir aðrar stöðvar á landinu.

Meðal helstu verkefna sem unnið hefur verið að má nefna:

- **STRAMA-verkefni**  
Þetta lýtur að því að draga úr ofnotkun á sýklalyfjum og gera þá meðferð markvissari. Verkefnið hefur verið keyrt á höfuðborgarsvæðinu en nú er verið að fara með það út á land og byrjað að kynna stöðvum úti á landi bæði með fjarfundarbúnaði og einnig heimsóknum á heilsugæslustöðvar.
- **Meðferð við langvinnum verkjum.**  
Tilraunaverkefni með Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) þar sem reynd verður þverfagleg nálgun við meðhöndlun sjúklinga með langvinna verki. Mjög algengt viðfangsefni og mikilvægt að heilsugæslan búi til viðeigandi úrræði fyrir þennan hóp.
- **Þróun á ávísunum á óþjóða-verkjalyf á öllum heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu.**  
BS-verkefni læknanema sem lýkur í þessari viku. Ítarleg kortlagning á notkun þessara sterku verkjalyfja. Verður góður grunnur undir næstu skref, sem eru að útbúa leiðbeiningar fyrir heilsugæsluna varðandi markvissari notkun á þessum lyfjum.
- **Vinna að verkefnum krabbameinsáætlunar.**  
ÞÍH er með fulltrúa í þessu verkefni.
- **Verkefnisstjórn um framkvæmd tillagna skimunarráðs varðandi skimun fyrir krabbamein.**  
ÞÍH er með fulltrúa í þessu verkefni.
- **Verkefni um mótun stefnu í fræðslu- og forvarnarmálum varðandi kynferðislegt ofbeldi.**  
ÞÍH er með fulltrúa í þessu verkefni.
- **Mansal og ofbeldi.**  
Verkefni sem rekið er af starfsmanni ÞÍH. Verkefnið og kennsluefni klárt fyrir kynningar á heilsugæslustöðvum.
- **Tannvernd.**  
Umbótastarf og samræmd tannvernd innan heilsugæslu á landsvísu. Mæðravernd, ung- og smábarnavernd, heilsuvernd skólabarna og heilsuvernd eldra fólks. Starfsmaður ÞÍH sinnir þessu verkefni.
  - BASA Samningur um gjaldfrjálsar tannlækningar barna.
    - Upplýsingagjöf.
    - Vöktun á skráningu á heimilistannlæknum.
    - Betri tannheilsa barna.
  - Miðlæg tannheilsuskrá
  - Samningur um tannlækningar aldraðra og öryrkja
  - Rannsóknir
  - Heilsuvera-fræðsluefni hvað varðar tannvernd.
- **Heilsuvera**  
Starfsmenn ÞÍH koma að gerð fræðsluefnis og leiðbeiningum fyrir heilsuveruna. Er og verður mjög stórt verkefni en óhemju mikilvægt.

- **Hreyfiseðill.**  
Starfsmaður ÞÍH heldur utan um hreyfiseðil á landsvísu. Um er að ræða umfangsmikið og mikilvægt lýðheilsuverkefni þar sem rannsóknir hafa ótvírætt sýnt fram á gagnsemi hreyfingar sem meðferð og forvörn við sjúkdómum m.a. lífsstílstengdum sjúkdómum. Þannig er meðferðin hreyfiseðill í stað lyfseðils á lyf.
- **Lyfjamál.**  
Hjá ÞÍH starfa tveir lyfjafræðingar í samtals 50% stöðugildum Unnið er að því að taka fram eða staðfæra “lyfjalista” sem innheldur lista yfir þau lyf sem ráðlagt er að nota við ákveðnum sjúkdómum. Ákveðið hefur verið að styðjast við sænskan lyfjalista “KLoca listan”. Þegar hefur vinnu verið lokið við lyfjalista varðandi eftirfarandi:
  1. Háþrýstingur
  2. Bakflæðissjúkdómar
  3. Verkjalyf
  4. Lungnalyf
  5. Sýklalyf
- **Geðheilbrigðismál**  
Sálfræðingur hjá ÞÍH (50%) hefur aðstoðað við uppsetningu á geðteymum bæði á höfuðborgarsvæðinu og eins á landsbyggðinni. Uppbygging á landsbyggðinni er mislangt komin en þar nýtur landbyggðin aðstoðar reynds sálfræðings.
- **Ung- smábarnavernd**  
Gerð leiðbeininga um þetta verkefni og stuðning við þessa starfsemi á landsvísu. Stöðug vinna við þetta. Það er löng hefð fyrir þessari starfsemi sem óhætt er að segja hafi í gegnum uppfyllt háa staðla. Leiðbeiningar og stuðningur við ung- og smábarnavernd í landinu verða áfram mikilvægur þáttur í starfsemi ÞÍH.
- **Skólaheilsugæsla**  
Gerð leiðbeininga um þetta verkefni og stuðning við þessa starfsemi á landsvísu. Stöðug vinna við þetta, sbr. ung- og smábarnavernd.
- **Mæðravernd**  
Gerð leiðbeininga sem nefndar eru “molar í mæðravernd” fróðleikur og fræðsla sem nýtist öllum heilsugæslustöðvum á landinu.
- **Fjarheilbrigðisþjónusta**  
Starfsmaður ÞÍH er fulltrúi í þessu verkefni bæði innanlands og í norrænni samvinnu.
- **Húsasótt**  
Höfum fundað og skoðað málefni þeirra sem orðið hafa fyrir heilsubresti vegna myglu í húsnæði, þetta að tilstuðlan landlæknis.
- **Sykursýki og lífstíllssjúkdómar**  
Höfum verið í vinnu allan s.l. vetur um nýjar leiðbeiningar varðandi meðhöndlun sjúklinga með sykursýki. Þetta í samræmi við breyttar áherslur/leiðbeiningar erlendis. Þessari vinnu lauk vorið 2019. Síðan þá voru haldnir þrír kynningarfundir á ÞÍH og þeim streymt út á land. Þessa fundi sóttu um 150 heilbrigðisstarfsmenn og áætla má að hátt í hundrað hafi fylgst með streymi fundanna.  
Næstu skref eru þau að um miðjan febrúar 2020 munu sérfræðilæknar Landspítalans Háskólasjúkrahúss (LSH) í meðferð sykursýkis fara út á heilsugæslustöðvar og styðja við starfsemina þar. Þetta er hugsað þannig að slíkur stuðningur bæði fræði starfsmenn heilsugæslunnar en einnig dragi úr tilvísunum á LSH. Ennfremur að fleiri sjúklingum með sykursýki af tegund II verði sinnt í heilsugæslunni, þar sem þeir eiga óumdeilanlega heima.

Framhaldið eru síðan heilsueflandi móttökur sem sinna sjúklingum með m.a. sykursýki, offitu, háþrýsting osfrv. Þar komi þverfagleg nálgun til með samstarfi lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara (hreyfiseðill), sálfræðinga og annara heilbrigðisstarfsmanna.

- **Tóbaks notkun almennt og sérstaklega í mæðravernd**  
Starfsmenn ÞÍH hafa unnið að leiðbeiningum varðandi þetta, birtist m.a. á Heilsuveru.
- **Farsæl öldrun**  
Verkefni sem lýtur að því að bæta öldrunarþjónustu, byltuvarnir, uppvinslu á dementiu ofl.
- **Sérnáám í heimilislækningum**  
Umsjón og utanumhald er á vegum ÞÍH. Kennslustjóri sér um það og er starfsmaður ÞÍH. Verkefnið er á landsvísu og hefur vaxið mjög mikið s.l. ár. Starfsmenn ÞÍH koma beint að kennslunni. Nú eru um 60 einstaklingar í þessu námi og löngu tímabært að styðja við þessa starfssemi.
- **Sérnáám í heilsugæsluhjúkrun**  
Umsjón og utanumhald. Kennslustjóri er starfsmaður ÞÍH.
- **Heimasíða ÞÍH**  
Erum að vinna að gerð heimasíðu sem verður aðgengileg öllu fagfólki á landinu sem gæti þá nýtt sér þær leiðbeiningar og þann fróðleik sem þar verður að finna. Heimasíðan er kominn óformlega í loftið á eftirfarandi slóðum:  
Throuarmidstod.is <http://www.throuarmidstod.is/>  
Þíh.is <http://þíh.is/>
- **Vísindarannsóknir**  
ÞÍH hefur tekið þátt í mörgum vísindarannsóknnum. Árið 2019 birtust a.m.k. 5 greinar frá ÞÍH.

Ofangreint er aðeins yfirlit yfir helstu verkefni. Mikið er leitað eftir samstarfi við ÞÍH og er það vel. Við finnum fyrir miklum væntingum og verkefnin óþrjótandi en spennandi.

Á því rúma ári sem ÞÍH hefur starfað hefur mikilvægi starfseminnar margsannað sig. Mikilvægið má skoða sem jafn stuðningur við allar heilsugæslustöðvar á landinu. Samþætting verkþátta, innleiðing verkferla varðandi einstök heilbrigðisvandamál og ekki síst að styðja heilsugæsluna í landinu almennt þannig að hún geti sinnt sínu hlutverki á markvissan og skilvirkan hátt. Slíkt er afar erfitt að framkvæma fyrir einstakar minni einingar. Öflug ÞÍH hefur því sýnt sig geta stutt við þjónustu heilsugæslunnar á landsvísu og á þann hátt bætt þjónustuna, gert hana ódýrari og markvissari, varið bráðamóttökur sjúkrahúsa en síðast er markmiðið að með lýðheilsuförvörnum, dregið úr þörf á heilbrigðisþjónustu með leiðbeiningum til landsmanna um sjálfshjálp.

## Samantekt

Töluverðu viðbótar fjármagni hefur verið varið til heilsugæslunnar síðustu ár. Stór hluti þessa fjármagns hefur farið í einstaka skilgreind verkefni eins og t.d. geðheilsuteymi í hverfum borgarinnar, sálfræðipjónustu fyrir börn og fullorðna, þjónustu sjúkráþjálfara og eflingu heimahjúkrunar með þverfaglegu endurhæfingarteymi. Þá hefur töluvert fjármagn farið í styrkingu á Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu til að efla gæði, skilvirkni og þróun á verkferlum í heilbrigðiskerfi utan spítala.

Umsvif heilsugæslunnar hafa aukist til muna síðustu ár. Aðgengi að þjónustu er gott, þar sem bráðavanda er sinnt samdægurs og aukin áhersla á þverfaglega verkferla og mismunandi þjónustuform, s.s. aukna rafræna þjónustu. Þetta skilar betri heilbrigðisþjónustu og bættu heilbrigði þar sem áhersla er lögð á að veita rétta þjónustu á réttum stað á réttum tíma.

Framtíðarsýn heilsugæslunnar er að heilsugæslan sé grunnstoð heilbrigðisþjónustu. Heilsugæslan hefur á að skipa mannauði, starfsumhverfi og skipulagi sem mætir þörfum skjólstæðinga og samfélags á hverjum tíma. Áhersla er á sveigjanleika, markvissa þróun og nýsköpun í allri þjónustu.

---

*Óskar Reykdalsson*

*Forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins*

*31. janúar 2020*